

Sambætting verkefna og verkferlar í tengslum við Betri borg fyrir börn (BBB) og innleiðingu laga um farsæld barna

Aðdragandi BBB

Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræði-, sálfræði-, þroskafræði- og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skóla- og frístundastarfi, gagnvart barninu, foreldrum þess, starfsstöðvum¹ og starfsfólki þeirra. Samkvæmt lögum skal skólaþjónusta því annars vegar beinast að því að efla skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í starfinu og veita starfsfólki leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á. Hins vegar skal skólaþjónusta beinast að stuðningi við börn í leik- og grunnskólum og foreldrum þeirra. BBB markar gott upphaf til þess að hámarka virkni þessara breytinga gegnum gott samstarf um þau verkefni sem berast vegna barna eða starfseminnar innan starfsstaða þjónustusvæðis miðstöðvanna. Frekari lýsingar á inntaki, markmiðum og framkvæmd skólaþjónustu eru skilgreindar í 2. og 3. grein reglugerðar um þjónustuna (444/2019) og endurspeglast mjög vel í áherslum BBB.

Með [innleiðingu laga um farsæld barna \(Lög nr. 86 22. júní 2021\)](#) er stefnt að því að börn og forsjáraðilar sem á þurfa að halda hafi aðgang að sambættri þjónustu við hæfi án hindrana. Þetta krefst þess að starfsfólk í skóla- og frístundaþjónustu og velferðarþjónustu fylgist með velferð og farsæld barna og foreldra og meti þörf fyrir þjónustu. Brugðist verði við þörfum barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þær skapast. Aðilar hafi samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og sambætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra. Þar með samræmast lögin mennta- og velferðarstefnu borgarinnar.

Heildstæð þjónusta

BBB markar gott upphaf að innleiðingu laganna í Reykjavík og tryggir öflugt samstarf skóla- og frístundasviðs (SFS) og velferðarsviðs (VEL). Í ákvörðun Reykjavíkurborgar að innleiða BBB í öll hverfi borgarinnar felst að setja undir einn hatt í miðstöðvum alla þjónustu fyrir börn og fjölskyldur í borgarhlutunum. SFS og VEL eru samstarfsaðilar að verkefninu. Saman skapa þeir fagaðilar sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur því einn vinnustað í borgarhlutum undir formerkjum BBB.

Stjórnun starfsstaða SFS verður dreifstýrð, með næsta yfirmann staðsettan á miðstöð, í stað miðlægrar skrifstofu áður. Einnig mun breytt staðsetning starfsfólks frá mannauðs- og rekstrarteymum úti í borgarhlutum verða stjórnendum SFS og VEL til aukins stuðnings. Saman fara skóla- og frístundaþjónusta SFS ásamt barna- og fjölskyldudeild VEL á hverri miðstöð með málefni BBB.

Með tilkomu BBB verður hægt að tryggja betur samfellu í þjónustu við starfsstaði, starfsfólk, börn og fjölskyldur þannig að þjónustan birtist foreldrum og börnum eins og hún sé veitt af einni hendi.

Verkefnastjórn BBB í öllum borgarhlutum ber ábyrgð á þeirri samhæfingu eins og kemur fram í viðauka 2. Í verkefnastjórn BBB sitja framkvæmdastjóri miðstöðvar, deildarstjóri barna- og

¹ Með starfsstöðvum er átt við leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.

fjölskylduþjónustu og staðgengill hans, ásamt fagstjórum leik- og grunnskóla og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar.

Samþætting og samvinna af þessum toga gefur tilefni til markvissari vinnu gagnvart þörfum barna, sérstaklega barna með fjölþættar þarfir. Þetta er meðal annars hægt að gera með snemmtækri nálgun á þörfum barnsins og fjölskyldu þess, mótun þrepaskipts stuðnings á báðum þjónustustigum, heildstæðari stefnumörkun um starfshætti og úrræði sem styðja við uppeldi barna sem og náms-, hegðunar-, félags- og tilfinningafærni barna.

Heildarsýn á umhverfi barnsins og aðkoma allra sem áhrif geta haft á málefni þess verður eitt helsta verkefni BBB.

Aðgengi að þjónustu við börn og fjölskyldur

Óski foreldri eða forsjáraðili eftir ráðgjöf eða stuðningi vegna barns eru tvær meginleiðir að þjónustu fyrir barnið:

1. Hafa samband við starfsmann tengdan barninu í leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili eða félagsmiðstöð, þar með talið [tengilið farsældar](#).
2. Hringja í síma 411 1111 og fá samtál við ráðgjafa eða panta viðtal á tilteknum tíma og dagsetningu við barna- og fjölskylduráðgjafa á heimasíðu Reykjavíkurborgar (<https://radgjof.reykjavik.is/umsokn>). Barna- og fjölskylduráðgjafi (Rafræn þjónustumiðstöð) hefur samband við foreldri, metur stöðuna og í samráði við foreldri eru næstu skref ákveðin. Útgangspunkturinn er að aðgengið sé án nokkurra þröskulda eða hindrana, svokallað lágþröskuldaaðgengi. Ef barna- og fjölskylduráðgjafi nær ekki að leysa málið með foreldrum vísar hann máli áfram til ráðgjafa BBB á miðstöðvum.

Ef áhyggjur vakna vegna barns **há starfsmanni leikskóla, grunnskóla, frístundaheimilis eða félagsmiðstöðvar** skal hann hafa samband við foreldra barnsins og viðra áhyggjur sínar. Starfsmaður leitar leiða til lausna **innan** starfsstaðar til að mæta og bregðast við þörfum barnsins (samanber mynd um fyrstu viðbrögð), meðal annars í gegnum **lausnateymi, ráðgjöf innanhúss** eða við **ráðgjafa BBB**.



Starfsmaður ásamt foreldrum nýtir upplýsingar til frekari vinnu að lausnum til handa barninu, bæði innan sinnar 1. stigs þjónustustofnunar ásamt öðrum 1. stigs stofnunum sem mögulega hafa komið að þjónustu við barnið, s.s. heilsugæslu. Til að tryggja hagsmuni barns og að því marki sem það er nauðsynlegt fyrir samþættingu þjónustunnar í þágu farsældar barnsins með samþykki foreldra, er tengiliði, þjónustuveitendum og þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns heimilt að miðla upplýsingum um aðstæður barnsins sín á milli.

Hvor leiðin sem er farin þá er um 1. stigs þjónustu að ræða. Skili lausnin barninu ekki tilætluðum árangri skal óska eftir aðstoð 2. stigs þjónustu á miðstöð hverfisins. Starfsmaður fer þá í

gegnum lausnateymi leikskólans eða nemendaverndarráð grunnskólans til að nálgast þjónustu á þessu stigi, samanber mynd um ráðgjöf teymanna hér að neðan.



Starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva getur leitað ráðgjafar eða veitt ráðgjöf í gegnum fasta setu forstöðumanna í lausnateymum grunnskólanna. Mikilvægt er að hafa leitað allra leiða til að leysa vandann á 1. stigi áður en óskað er eftir 2. stigs þjónustu.

Áfram verður unnið á grundvelli samkomulags um samstarf félags- og skólaþjónustu miðstöðvanna við [fjölskylduteymi heilsugæslustöðva](#), BUGL og barnaverndarþjónustu. Jafnframt verður stuðlað að öfluglu faglegu samstarfi við aðrar stofnanir sem tengjast þjónustu gagnvart börnum, bæði innan borgar og ríkis.

Aðstoð miðstöðvar við leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili eða félagsmiðstöðvar vegna barna með sérstakar þjónustuparfir

Ráðgjafar á miðstöð sem tilheyra BBB eiga fasta setu á bæði lausnateymum og nemendaverndarráðum innan skólanna, sem og fasta viðveru í kringum þá fundi. Viðveran er skipulögð milli viðkomandi skólastjóra og fagstjóra/deildarstjóra á miðstöð. Bæði starfsfólk skólanna og börnin geta nýtt sér þá viðveru.

Starfsfólk leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila eða félagsmiðstöðva getur óskað eftir þjónustu ráðgjafa BBB til handa stofnuninni með tvennum hætti; sem [bráðamál](#) eða [aðstoð miðstöðvar við skóla- og frístund](#). Bráðamál eru eins og nafnið gefur til kynna beiðni um að koma fljótt að máli, allt frá því að vera samdægurs eða næstu daga. Aðstoð miðstöðvar við skóla og frístund er kannski óskýr þýðing á enska orðinu „system referral“ en þessi mál, öfugt við einstaklingsmál, geta verið beiðni um að BBB sé þátttakandi í tilteknum verkefnum á vegum skólans, s.s. handleiðslu, fræðslu, vinnu í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar, eða vinnu með þrepaskiptan stuðning í tengslum við læsi, félagsfærni eða tilfinningastjórnun.

Þegar erindi er vísað á miðstöð

Megininntak farsældarlaganna er snemmtækur stuðingur en til þess að af honum geti orðið þarf að endurmóta samskiptin innan og á milli þjónustiganna. Í dag hafa nokkrir starfshópar lokið störfum en þeirra verkefni var að samræma og endurmóta flæði þjónustunnar á öllum þjónustustigum þannig að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Þegar erindi berst til miðstöðvar hefur það verið samþykkt til þjónustu á 2. þjónustustigi í gegnum lausnateymi leikskólanna eða nemendaverndarráð grunnskólanna. Sjá nánar í skjali um flæði mála frá 1. til 3. þjónustustigs ([tengill](#)).

Á miðstöð er til staðar móttökuteymi sem samræmir og heldur utan um erindin sem berast. Fundur móttökuteymis fær í gegnum Rafræna miðstöð (RM) yfirlit yfir mál sem borist hafa síðastliðna viku. Fundurinn útteilir þeim málum sem ekki hefur verið útteilt, eða farið í vinnslu, s.s. bráðamál og viðtöl. Móttökuteymi upplýsir bæði skóla og forsjáraðila um þeirra ákvarðanir í gegnum tölvupóst. Önnur frekari vinnsla ráðgjafa BBB innan miðstöðvanna og farveg mála má sjá nánar í lýsingum á teymum innan miðstöðva (**tengill**).

Þar sem ekki er komið nýtt stafrænt kerfi vegna þessara erinda er áfram notast við Málaskrá miðstöðvanna til að halda utan um erindin og vinnslu ráðgjafanna, skv. uppfærðum [verkferlum um ráðgjafa BBB á miðstöðvum Reykjavíkur](#).

Þegar mál er tilkynnt til barnaverndarþjónustu

Þegar mál eru tilkynnt til barnaverndarþjónustu hefur barnavernd sjö daga til að ákvarða um það hvort mál verði tekið til könnunar eða ekki. Ef barnavernd ákveður að mál sé tekið til könnunar hefur barnavernd þrjá til fjóra mánuði til að kanna málið áður en ákveðið er hvort mál verði tekið til meðferðar hjá barnavernd eða ekki.

Með tilkomu samþættingarlaganna bætast við nýjar skyldur á barnaverndina sem eru háðar því hvort fyrir liggur beiðni um samþættingu málsins. Breytt verklag barnaverndar í takt við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hefur núna verið unnið og breytir því með hvaða hætti barnavernd getur unnið málið betur í aukinni samvinnu við önnur þjónustukerfi (**tengill**). Ef barnavernd vill flytja mál til annarra þjónustukerfa liggur fyrir annað sérstakt verklag sem eykur möguleika m.t.t. upplýsingaflæðis frá barnaverndinni (**tengill**).

Áframhaldandi vinna og endurskoðun viðaukans

Nýtt verklag og ferlar sem nú liggja fyrir verða auk viðaukans uppfærð og endurskoðuð árlega. Ábendingar og athugasemdir berist í gegnum verkefnastjóra farsældar eða upplýsingastjóra sviðanna. Sjá [upplýsingabrunn BBB](#).